



Alþingi
Erindi nr. P 139/516
komudagur 30. 11. 2010

Reykjavík 30. nóvember 2010

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ríkisábyrgðir, 187. mál.

Með tölvupósti dags. 22. nóvember 2010 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs um ofangreint frumvarp, sem lagt er fram í kjölfar athugasemda Eftirlitstofnunar EFTA um að gjald vegna ríkisábyrgðar væri ekki að fullu í samræmi við ákvæði EES samningsins um hvað teldist leyfileg ríkisaðstoð.

Ríkisábyrgðasjóður telur jákvætt að frumvarpið skuli lagt fram.


Rétt er þó að benda á að allmikill kostnaður getur fylgt matsgerð sem frumvarpið kveður á um að fari fram á lánskjörum með eða án ríkisábyrgðar. Hinn óháði matsaðili skal einnig meta þá ívilnun sem ríkisábyrgð færir Landsvirkjun vegna langtímarafmagnssamninga sbr. 3. gr. frumvarps um breyting á lögum um Landsvirkjun sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.


Ekki er ljóst hvort ráðgert sé að ríkissjóður borgi kostnað við matið eða sá aðili sem nýtur ríkisábyrgðarinnar. Í 6. gr. ríkisábyrgðarlaganna, sem kveður á um ábyrgðargjaldið, eru engin ákvæði um hver beri kostnað við matsgerð. Óvíst er að dugi heimild í 2. mgr. 4. laganna þar sem þar er um annar konar matsgerð að ræða, þ.e. mat á áhættu af veitingu ríkisábyrgðar á einstök lán til aðila, yfirleitt utan ríkisgeirans.

Án skýrrar lagaheimildar er hæpið að unnt sé að krefja ábyrgðarþega um matskostnaðinn.

Að öðru leyti gerir Ríkisábyrgðasjóður ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Ríkisábyrgðasjóður


Sigurður G. Thoroddsen


Gerður Ísberg

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605